

Society at a Glance: OECD Social Indicators 2005 Edition

Summary in Icelandic

Samfélag við fyrstu sýn: Félagslegar vísbendingar OECD – Útgáfa 2005

Útdráttur á íslensku

Samanburður á þróunarstigum mismunandi hagkerfa beinist oft eingöngu að efnahagslegu umfangi með því að rannsaka stig þjóðarframleiðslu (til dæmis verga landsframleiðslu og verga landsframleiðslu á mann). En á meðan aðgengi að efnahagslegum auðlindum hefur bersýnilega áhrif á lífskjör og getu stjórnvalda til að bjóða upp á þjónustu við almenning er einnig víðfeðmt svið annarra vísbendinga sem nota má til að mæla félagslega þróun í víðari skilningi og til að mæla framfarir sem stjórnvöld og félagsleg kerfi hinna ýmsu ríkja hafa tekið, til að skila bættum lífsgæðum til sem flestra þegna sinna. *Samfélag við fyrstu sýn* er ágríp OECD af félagslegum vísbendingum, sem kemur út tvisvar á ári, og gerir tilraun til að fullnægja vaxandi kröfum um magnbundnar sannanir um hvort ójafnrétti, heilbrigði og samheldni séu að aukast eða minnka í samfélögum okkar. Það uppfærir sumar vísbendinganna sem voru með í fyrri útgáfum, og bætir nýjum við, þar á meðal, í fyrsta sinn, mælingar á huglægri vellíðan.

Vísbendingarnar sem teknar eru með í skýrslunni hafa verið valdar með það í huga að varpa ljósi á tvö lykilatriði: hversu vel hefur OECD ríkjum miðað áfram hvað varðar félagslega þróun og að hvaða marki hefur þetta verið árangur úthugaðra stefnumótandi aðgerða, annaðhvort af hálfu stjórnvalda eða annarra félagslegra stofnana. Í seinni spurningunni felst greinilega meiri áskorun en í þeirri fyrri (þó svör við báðum séu gerð torfengnari með takmörkunum á aðgengi að viðeigandi gögnum). Það er tiltölulega auðvelt að rannsaka vísbendingar um þau sjónarmið félagslegrar þróunar sem eru stefnumarkmið (til dæmis atvinnuleysi), og að sjá hvernig þau hafa breyst gegnum tíðina. Það er erfiðara að meta að hvaða marki þessar breytingar hafa verið árangur af stefnu stjórnvalda. Ennfremur er nauðsynlegt að taka með í reikninginn það fjármagn sem varið hefur verið til að ná þessum takmörkum og að velja upp spurningum um hvort útkoman réttlæti kostnaðinn sem hlýst af. Samanburður milli ríkja getur varpað umtalsverðu ljósi á þetta. Hann getur, til dæmis, gefið til kynna hvort þau ríki þar sem félagslegur kostnaður er tiltölulega hár hafi náð fram betri félagslegri útkomu. Auðvitað skýrir þetta ekki hvers

vegna sum ríki koma verr út en önnur, hvað þá að það gefi til kynna lausnir, en það getur bent á svæði þar sem möguleikar eru til endurbóta.

Til að betra sé að skilja hið breiða svið tiltækra félagslegra vísbendinga, flokkar *Samfélag við fyrstu sýn* þær í fimm aðalflokka. **Sá fyrsti samanstandur af almennum bakgrunnsvísbendingum um það heildarsamhengi sem félagsmálastefna starfar í** (til dæmis tekjustig og samsetningu íbúanna). Þetta eru yfirleitt ekki markhópar félagsmálastefnu, að minnsta kosti til skamms- eða miðlungslangs tíma, en þeir hafa áhrif á árangurinn. Hlutfall eldra fólks í heildaríbúafjölda er til dæmis ekki stefnumarkhópur, en það hefur mikilvæg áhrif á hvernig stefna snertir líf skjör eldri borgara og kostnaðinn sem er innifalinn.

Vísbendingar sem fjallað hefur verið um: Þjóðartekjur á mann; aldurstengt hlutfall; hlutfall frjósemi; útlendingar og erlendir ríkisborgarar; gifting og skilnaður.

Flokkarnir fjórir sem eftir standa eru breiður hópur vísbendinga sem valdar eru til að endurspegla aðalmarkmið félagsmálastefnu: **sjálfsnægtir, sanngirni, heilsu og félagslega samheldni**. Hver þessara flokka felur í sér tvær aðalgerðir vísbendinga: þær sem fylgjast með þróun hinna ýmsu stefnumarkmiða (atvinnuleysi, fátækramörk, o.s.frv.), flokkaðar í skýrslunni sem vísbendingar um „félagslega stöðu“, og þær sem undirstrika hvað samfélagið er að gera til að ná þessum markmiðum (flokkaðar sem vísbendingar um „samfélagslega svörun“). Hin síðari felur í sér vísbendingar um afstöðu til stefnu stjórnvalda en einnig um athafnir einkageirans og frjálsra félagasamtaka (NGO) til dæmis, vísbendingar um þróun séreignalífeyris og til hvaða aðgerða einstaklingar og fjölskyldur hafa gripið til að hugsa um hina öldruðu og börnin. Samanburður á svörunarvísbendingum og stöðuvísbendingum sýnir lauslega merki um árangur stefnumótunar, þó taka verði fram að mismunur á skilgreiningunum sem notaðar eru og aðgangur að gögnum þýðir að í mörgum tilfellum eru tölurnar ekki að fullu sambærilegar milli landa. Þar að auki eru færri gæðavísbendingar um samfélagslega svörun en um félagslega stöðu. Þetta gefur til kynna þörf fyrir endurbætur á söfnun gagna sem lýsa aðgerðum einstaklinga og hins opinbera, þar með talið upplýsingum um félagslega eyðslu einkaaðila og um fjölda fólks og heimila sem þiggja mismunandi félagslegar bætur og þjónustu frá vinnuveitendum og frjálsum félagasamtökum.

Í mörgum tilfellum eiga vísbendingarnar heima í fleirum en einum flokki: Til dæmis eiginleikinn að komast af án aðstoðar, bendir til félagslegar samheldni, sjálfsnægta og heilbrigðis. Á sama hátt getur eiturlyfjaneysla gefið til kynna skort á félagslegri samheldni og einnig til lélegra heilbrigðisskilyrða. Frekar en að skrá þessi atriði aftur og aftur lýsir skýrslan þessum vísbendingum sem er sérstakar fyrir hvern flokk og vísar til annarra vísbendinga sem eru viðkomandi og eru skráðar annarsstaðar.

Sjálfsnægtir: Öll almannatryggingakerfi byggja fjármögnun sína á framlögum frá fólki á atvinnumarkaðinum og flestir ná þessu fram með því að tengja félagslegar bætur við fyrri atvinnu og/eða skrár um framlög. Til viðbótar við þann ávinning sem vinna skilar út í þjóðfélagið sem heild, sér hún einnig fyrir efnahagslegum auðlindum, auðkenni, félagslegri víxlverkun og stöðu fyrir einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Atvinnuleysi hefur vitaskuld þveröfug áhrif. Hlutfall atvinnuþátttöku kvenna - og

sérstaklega mæðra - er ákaflega breytileg milli ríkja og endurspeglar bæði félagslegan mun og árangur ráðstafana sem ætlað er að hjálpa konum að samrýma vinnu- og umönnunarskyldur sínar. Þar að auki helst langtímaatvinnuleysi enn mikið í mörgum ríkjum og margt ungt fólk stendur frammi fyrir erfiðleikum í umskiptunum frá skóla til vinnu. Þessi vandamál eru oft samansöfnuð hjá þeim sem hafa litla fagkunnáttu, sem eru líklegri til að verða atvinnulausir eða þéna minna en betur menntaðir jafningar þeirra.

Samfélagslegt svar við þessum vandamálum hefur yfirleitt sameinað ákvæði um peningabætur handa þeim atvinnulausu með stefnu miðaða að því að vinna bug á hindrunum sem standa í vegi fyrir vinnu eins og áformum um þjálfun. Þegar þessar tvær aðgerðir eru illa skipulagðar geta þær unnið á móti hvor annarri: Rausnarlegar atvinnuleysisbætur geta dregið úr fjárhagslegri hvatningu til að fara að vinna en eru yfirleitt ekki nógu rausnarlegar til að ná viðtakandanum upp úr fátæktinni. Ennfremur getur skattbyrðin sem félagsleg verndarkerfi fela í sér haft slæm áhrif á eftirspurn eftir vinnuafli.

Vísbendingar um félagslega stöðu sem fjallað hefur verið um: atvinna; atvinnuleysi; heimili án atvinnu; vinnandi mæður; árangur í menntun; starfslokaaldur; aðgerðarleysi æskunnar.

Vísbendingar um samfélagsleg viðbrögð sem fjallað hefur verið um: ávinningur af að vera ekki í vinnu; ávinningur af örþrifaráðum.

Sanngirnistréttur: Sanngirnistréttur hefur margar víddir, þar með talda skilmála fyrir aðgengi að félagslegri þjónustu, efnahagslegum tækifærum og útkomum. Skoðanir á hvað nákvæmlega sanngjörn úthlutun á fjármagni eða tækifærum hefur í för með sér eru mjög breytilegar innan og milli ríkja. Þess vegna kemur það ekki á óvart að það er erfitt að fá ítarlegar upplýsingar um allar hliðar sanngirnistréttar og að flestar vísbendingarnar endurspeglar fjárhagslegan ójöfnuð.

Fátækt, takmarkaður aðgangur að heilsugæslu og annarri félagslegri þjónustu, og lágt stig læsi og árangurs í menntun, eru eindregið í samhengi við hvort annað (og við atvinnuvísbendingar sem fjallað er um undir sjálfsnægtir hér að ofan). Ástand atvinnumarkaðarins eykur líka áhyggjur af sanngirnistrétti fyrir tiltekna hópa, sérstaklega börn hinna atvinnulausu. Þar að auki halda sumir hópar aldraðra (sérstaklega eldri konur sem ekki hafa sjálfar nein lífeyrisréttindi) áfram að vera í röngu hlutfalli berskjaldaðir fyrir fátækt.

Félagsleg varnarkerfi eru aðaltækin sem stefnumótunarmenn hafa notað til að bregðast við þessum áhyggjum af sanngirni. Öll OECD ríkin hafa þróað (eða eru að þróa) félagsleg varnarkerfi til að endurúthluta fjármagni innan samfélagsins og tryggja einstaklinga gegn margháttaðu óvissuástandi. Þetta birtist aðallega í formi opinberra félagslegra útgjalda, en heimilin geta einnig fengið aðgang að félagslegri aðstoð sem veitt er gegnum einkageirann eða skattakerfið. Í öllum OECD ríkunum er stórum hluta þessa fjármagns varið til að útvega tekjur í kjölfar starfsloka og þar af leiðandi felur þessi hluti í sér vísbendingar um núverandi stöðu ellilífeyris og starfslokalífeyri framtíðarinnar frá verðandi eftirlaunaþegum sem núverandi reglur um eftirlaun gefa til kynna.

Vísbendingar um félagslega stöðu sem fjallað hefur verið um: fátækt; launamisrétti; fátækt barna; tekjur eldra fólks.

Vísbendingar um samfélagsleg viðbrögð sem fjallað hefur verið um: félagslegur kostnaður hins opinbera; félagslegur kostnaður einkaaðila; heildar félagslegur kostnaður; núverandi ellilífeyrir; ellilífeyrir framtíðarinnar.

Heilbrigði: Tengslin á milli félagslegra og heilsufarslegra aðstæðna eru sterk. Reyndar hafa aukin lífsgæði, ásamt betra aðgengi að heilsugæslu og stöðugum framförum í læknavísindum, stuðlað að verulegum breytingum til batnaðar á heilbrigðisástandi. Hinsvegar hefur misræmi í heilbrigðisástandi haldist mikið, þar sem fátækari ríki birta stöðugt verri heilsufarsskrár. Innan ríkjanna farnast illa settu þjóðfélagsþópunum – fátækum, minna menntuðum, þeim atvinnulausu – sýnu verst. Afleiðingin er að heilbrigðisástand vissra flokka íbúanna eykst jafnvel ekki, þó að vísbendingar um þjóðarheilbrigði fari batnandi.

Mælingar á stefnusvöruninni eru takmarkaðar, en fela í sér heildarútgjöld við heilsugæslu og hlut eldri borgara sem fá langtímaumönnun á stofnunum eða stuðning frá hinu opinbera á heimilum sínum. Hér er samt aftur erfitt að aðgreina heilbrigðisástand frá öðrum félagslegum aðstæðum eins og atvinnuleysi og ófullnægjandi húsakynnum.

Vísbendingar um félagslega stöðu sem fjallað hefur verið um: lífslíkur; heilbrigði lagað að lífslíkum; ungbarnadauði.

Vísbendingar um samfélagsleg viðbrögð sem fjallað hefur verið um: heildarútgjöld heilsugæslu; langtímaumönnun.

Félagsleg samheldni: Að efla félagslega samheldni og berjast við félagslega einangrun samtímis eru aðaltakmörk félagsmálstefnu margra OECD ríkja. Hins vegar er engin almenn viðurkennd skilgreining, hvorki á félagslegri samheldni né félagslegri einangrun, sem gerir enn erfiðara að finna viðeigandi vísbendingar. Ein nálgunin er að rannsaka vísbendingar sem staðfesta að hve miklu leyti borgararnir taka þátt í samfélaginu og fá ánægju út úr sínum daglegu störfum. Tíðni samskipta við annað fólk og félagsaðild að hópum og samtökum eru tvær mikilvægar hliðar á þessu. Gögn um huglægar kannanir eru líka mikilvægar „afdráttarlausar“ mælingar á vellíðan einstaklinga og samheldninni í samfélaginu í heild sinni. Þessi vísbending er tekin með í fyrst sinn í þessu tölublaði af *Samfélag við fyrstu sýn*.

Bæði sjálfsmorðstíðni og eiturlyfjaneysla, og dauðsföll því tengd, benda ekki einungis til persónulegs niðurbrots, heldur líka til hættu á félagslegri einangrun. Á svipuðum nótum getur fæðingartíðni hjá unglíngum bent til hættu á félagslegri einangrun og félagslegri þjáningu, bæði fyrir mæðurnar sem eiga hlut að máli – sem oftast hverfa úr menntakerfinu án þess að fá nein réttindi og mæta hindrunum við að ná fótfestu á vinnumarkaðinum – og börnin þeirra.

Það er mun erfiðara að finna viðeigandi vísbendingar um svörun. Fáum stefnum er sérstaklega beint að því að uppræta eða ráða bót á afleiðingum félagslegrar einangrunar. Þvert á móti hafa allar stefnurnar sem skipta máli í öðrum víddum félagsmálastefnu (sjálfsnægtum, sanngirnistrétti og heilbrigði) líka hafa áhrif á félagslega samheldni.

Vísbendingar um félagslega stöðu sem fjallað hefur verið um: huglæg vellíðan; félagsleg einangrun; félagsaðild að hópum; þunganir tánínga; eiturlýfjaneysla og tengd dauðsföll; sjálfsmorð.

© OECD 2005

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltungdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD
www.oecd.org/bookshop//**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf.

rights@oecd.org

Bréfsími: +33 (0)1 45 24 13 91

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal
75116 Paris
France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

